

FRÉTTATILKYNNING

2. febrúar 2001

Samkeppnisráð afturkallar fyrri ákvörðun sína varðandi kaup Grænmetis ehf. á Ágæti hf.

Á fundi sínum hinn 2. febrúar afturkallaði samkeppnisráð eldri ákvörðun sína frá 17. desember 1999 (ákvörðun nr. 44/1999) um að hafast ekki að vegna yfirtöku Grænmetis ehf. á fyrirtækinu Ágæti hf., sem annast innflutning og heildsöludreifingu á grænmeti og ávöxtum. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu, að Búnaðarbanki Íslands, Sölufélag garðyrkjumanna og Grænmeti ehf. hafi veitt vísitandi rangar upplýsingar í sambandi við kaupin á árinu 1999 og að í ljós væri komið að ákvörðun ráðsins hefði byggst á röngum forsendum. Mun Samkeppnisstofnun senda lögreglu yfirlýðingum kærnu vegna hinna röngu upplýsinga. Meginatriði málsins eru eftirfarandi:

I. Málavextir.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1999, sem tekin var 17. desember 1999, var fjallað um kaup fyrirtækisins Grænmeti ehf. á meirihluta hlutfjár í Ágæti hf. af Búnaðarbanka Íslands hf. Bankinn hafði upphaflega keypt bréfin fyrir tilstuðlan Sölufélags garðyrkjumanna (SFG), með það í huga að endurselja þau SFG. Af þessu varð þó ekki, en í staðinn keypti Grænmeti bréfin. Í ljósi þessarar forsögu málsins beindu samkeppnisyfirlýðingum á sínum tíma fyrirspurnum til framkvæmdastjóra Grænmetis, Þórhalls Bjarnasonar, sem er fyrrum stjórnarmaður í SFG, og einnig til Búnaðarbankans og Bananasölnunnar hf., en SFG er tengt því fyrirtæki. Voru þessir aðilar sérstaklega spurðir um það hvort önnur fyrirtæki á grænmetismarkaði hefðu á einhvern hátt komið að viðskiptum með hlutabréfin. Í svörum aðilanna var hvergi getið um að SFG hefði á nokkurn hátt komið að kaupunum. Á grundvelli þessara upplýsinga taldi samkeppnisráð ekki ástæðu til aðgerða vegna kaupanna, þar sem engir keppinautar Ágætis á markaði tengdust félaginu í gegnum þau. Á þessum tíma hafði fyrirtækið Grænmeti enga starfsemi með höndum.

Rúmu ári eftir að þessi viðskipti áttu sér stað keypti fyrirtækið Bananar ehf., sem er tengt SFG, hlutabréfin í Ágæti af Grænmeti. Af þessari ástæðu, sem og vegna þess að aðilar á markaði höfðu fullyrt við samkeppnisyfirlýðingum að SFG hefði staðið að baki fyrri viðskiptum, var ákveðið að kanna frekar aðdraganda kaupa Grænmetis á bréfunum á árinu 1999.

II. Rangar upplýsingar í tengslum við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1999

Af hálfu Grænmetis var á sínum tíma tilgreint að verðbréfamiðlunin Vaxta ehf. hefði veitt félaginu lán til hlutabréfakaupanna. Þegar leitað var upplýsinga hjá Vöxtu um lán þetta kom fram, að Vaxta hefði ekki lánað féð heldur aðeins verið milligönguaðili. Vaxta, sem er fjölskyldufyrirtæki í eigu ættingja Þórhalls Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Grænmetis, hefur hins vegar neitað að upplýsa um raunverulegan lánveitanda, þrátt fyrir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi úrskurðað um skyldu fyrirtækisins til að afhenda Samkeppnisstofnun þær upplýsingar og lagðar hafi verið dagsektir á það til að knýja á um efndir þeirrar skyldu. Hins vegar hefur nú verið upplýst að fjármagn til kaupanna kom frá SFG.

Eftir að núverandi rannsókn málsins hófst, upplýsti Búnaðarbankinn að örfáum dögum fyrir kaup Grænmetis á Ágætisbréfunum, sem SFG fjármagnaði, hafi SFG verið veitt lán „til fjárfestingar og hagræðingar í rekstri“. Daginn eftir að lánið var afgreitt, var kaupverð hlutabréfa í Ágæti millifært af reikningi SFG í Búnaðarbankanum yfir á bankareikning Vöxtu. Þetta hafði bankinn ekki upplýst á sínum tíma. Bananasölunni var einnig á sínum tíma send fyrirspurn um það hvort það fyrirtæki eða önnur tengd því hefðu með einhverjum hætti, beinum eða óbeinum, komið að hlutabréfaviðskiptunum. Var í svari félagsins í engu minnst á fjármögnun SFG á kaupunum.

Aðkoma SFG að viðskiptum þessum var þó ekki eingöngu í formi fjármögnunar. Fram er komið, að þrátt fyrir að frestur SFG til að kaupa Ágætisbréfin, samkvæmt samningi við Búnaðarbankann, hafi verið runninn út þegar Grænmeti keypti, hafi bæði SFG og bankinn talið sig bundna af samningnum. SFG hafi bent á Grænmeti sem kaupanda í sinn stað, eins og fyrirtækið hafði rétt til samkvæmt ákvæðum samnings síns við bankann. Sala bréfanna fór því ekki fram á frjálsum markaði. Hvorki SFG, Grænmeti né Búnaðarbankinn höfðu á sínum tíma upplýst um það, að sala Ágætisbréfanna til Grænmetis hefði verið liður í að efna kaupsamning um bréfin milli aðilanna. Í svari Búnaðarbankans til Samkeppnisstofnunar árið 1999 var þess þvert á móti getið, að SFG hefði „samþykkt að falla frá kauprétti sínum“ samkvæmt samningnum.

Svör þessara aðila gáfu því til kynna, að Grænmeti hefði keypt hlutabréfin í Ágæti sem sjálfstæður og óháður kaupandi, án allra tengsla við SFG. Er því í ljós leitt, að Búnaðarbanki Íslands, SFG-fyrirtækjasamstæðan og Þórhallur Bjarnason f.h. Grænmetis hafi vísitandi veitt samkeppnisyfirvöldum rangar og villandi upplýsingar varðandi atriði, sem máli skiptu um mat á kaupum Grænmetis á Ágæti. Röng skýrslugjöf til samkeppnisyfirvalda varðar brotlegan aðila refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, og mun lögregluyfirvöldum verða sendur sá þáttur málsins til meðferðar.

III. Sölufélag garðyrkjumanna stóð að baki kaupunum

Samkeppnisráð telur upplýst að kaup Grænmetis á Ágæti hafi í raun verið gerð að frumkvæði og fyrir reikning og áhættu SFG.

Fyrir liggur að SFG hafði lengi haft uppi ráðagerðir um að eignast Ágæti, og var samningurinn við Búnaðarbankann gerður í þeim tilgangi. Einnig liggur fyrir að tvísýnt hafi þótt um hvort kaup SFG myndu standast samkeppnislög, og að hugmyndir hafi verið uppi innan SFG um að annar aðili yrði látinn kaupa Ágæti „á pappírnum“. Virðist samningurinn við Búnaðarbankann hafa tekið mið af þessu, en hann kvað meðal annars á um rétt SFG til að framvísa kauprétti sínum til annars aðila, enda fór svo að SFG vísaði á Grænmeti sem kaupanda í skjóli þessa réttar.

Grænmeti var á þessum tíma eignalaust fyrirtæki án starfsemi, og hafði Þórhallur Bjarnason, sem þá var stjórnarmaður í SFG og fleiri fyrirtækjum tengdum því, nýverið keypt það. Fjármagnaði SFG kaupin að fullu fyrir milligöngu Vöxtu, sem er undir stjórn fjölskyldu Þórhalls, svo sem áður greinir. Sú fjármögnun var veitt í formi skuldabréfs gegn handveði í hlutabréfunum sjálfum og án nokkurra frekari trygginga eða persónulegra ábyrgða. Skuldabréfið skyldi greiðast að fullu að 8 mánuðum liðnum. Það hefur síðan komið í ljós, að lánið var ekki gert upp fyrr en eftir að Ágætisbréfin höfðu verið framseld til Banana í desember sl.

IV. Sölufélag garðyrkjumanna náði yfirráðum í Ágæti með kaupnum

Samkeppnisráð telur ljóst þegar atvik málsins eru virt í samhengi að SFG hafi, í gegnum kaup Grænmetis á Ágæti árið 1999, náð virkum yfirráðum yfir Ágæti. Hér verður sérstaklega að horfa til frumkvæðis SFG að viðskiptunum og samstilltra aðgerða SFG og Þórhalls Bjarnasonar í tengslum við þau. Þá skiptir höfuðmáli fjármögnun SFG á kaupnum á Ágæti og eðli hennar, ásamt þeirri staðreynd að Grænmeti gerði ekki upp lánið fyrr en SFG eignaðist Ágæti formlega með kaupum Banana á fyrirtækinu. Grænmeti skuldaði þannig SFG allt andvirði hlutafjár í Ágæti þann tíma sem það stóð að rekstri fyrirtækisins og engin gögn benda til að forsendur hafi verið til að endurgreiða þá skuld. Er því ljóst að Grænmeti og dótturfélag þess, Ágæti, voru verulega háð SFG frá og með nóvember 1999 og ekki raunhæft að vænta þess að hegðun Ágætis á markaði hafi verið án tillits til hagsmuna SFG. Þess sjást einnig merki að SFG hafi í raun beitt áhrifum sínum. Þannig var fyrrum starfsmaður SFG ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra Ágætis skömmu eftir eigendaskiptin, en einnig var skipt um fjármálastjóra og endurskoðanda félagsins.

V. Afturköllun fyrri ákvörðunar og ný rannsókn

Af þeirri niðurstöðu að SFG hafi náð yfirráðum yfir Ágæti þegar á árinu 1999 leiðir að kaup Banana á hlutafé félagsins, sem hafa verið til skoðunar hjá Samkeppnisstofnun, teljast ekki samruni í skilningi samkeppnislaga, þar sem fyrirtækin höfðu áður verið komin undir yfirráð sama aðila. Athugun Samkeppnisstofnunar á þeim viðskiptum er því lokið.

Hins vegar er orðið ljóst að SFG-samstæðan, Búnaðarbanki Íslands og Grænmeti hafa veitt samkeppnisyfirvöldum rangar og villandi upplýsingar sem leiddu til þess að tekin var ákvörðun á röngum forsendum. Samkeppnisráð telur því að ákvörðun þess nr. 44/1999, um að hafast ekki að í tilefni af kaupum Grænmetis á Ágæti, sé

ógildanleg í skilningi stjórnslulaga og hefur því ákveðið að afturkalla hana. Af þeirri afturköllun leiðir að leggja þarf nýtt efnislegt mat á það hvort þau yfirráð SFG yfir Ágæti, sem sköpuðust á árinu 1999, séu samþýðanleg samrunaákvæðum samkeppnislaga. Samkeppnisráð leggur því fyrir Samkeppnisstofnun að hefja nýja rannsókn á sölunni á Ágæti árið 1999 til að meta þessi atriði.